



## AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Aðalskipulagsbreyting – Böðmóðsstaðir og Bjarkarhöfði

Hluti frístundasvæðis verður landbúnaðarland



15.11.2024

Breytt 21.02.2025



 Skiphagsstofun
Mótt.: 20 júní 2025
Mámr.
2024 10 027



## SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 07.05.2025



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 30.6.25



## SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var kynnt frá: 10.10.2024 - 01.11.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 17.02.2025 með athugasemdafresti til: 11.04.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_.

## AÐALSKIPULAGSBREYTING

### SKJALALÝKILL

109150-GRG-001-V02

### HÖFUNDUR

HB

### RÝNT

SOS/ÁJ



## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Staðhættir	4
3	TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
3.2	Aðalskipulag Bláskógbryggðar 2015 – 2027	5
3.3	Vatnaáætlun 2022-2027	7
3.4	Deiliskipulag	7
3.5	Fornminjar	7
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	8
4.1	Breyting á uppdrætti	8
4.2	Breyting á greinargerð	8
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	8
5.1	Valkostir	9
5.2	Umhverfisþættir og áherslur	9
5.3	Mat á umhverfisáhrifum	10
5.4	Niðurstaða	11
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	11
6.1	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	11
6.2	Skipulagsferlið	11
6.3	Breytingar eftir kynningu	11

## 1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Bláskógbabyggðar 2015-2027 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.

Svæðið sem breytingin nær yfir er lóðin Bjarkarhöfði (landnr. 167731). Lóðin er hluti af frístundasvæðinu F42 í gildandi aðalskipulagi en verður breytt í landbúnaðarsvæði. Árið 1990 heimilaði landbúnaðarráðuneytið að stofnað yrði nýtt býli á þessu landi, og var því skipt út úr landi Böðmóðsstaða. Því er um að ræða leiðréttingu á landnotkun í aðalskipulagi. Innan lóða verður heimilt að byggja í samræmi við skilmála landbúnaðarlands, eins og er heimilað í gildandi aðalskipulagi.

Skipulagssvæðið er um 5,4 ha að stærð.

### 1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti. Skipulagsgögn eru greinargerð ásamt upprætti sem sýnir gildandi skipulag og breytt skipulag.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Landeigendur Bjarkarhöfða óska eftir breytingu á landnotkun lóðarinnar og að hún verði skilgreind landbúnaðarsvæði, en hún er nú skilgreind frístundasvæði í aðalskipulagi. Um er að ræða leiðréttingu á landnotkun. Innan lóða verður heimilt að byggja í samræmi við skilmála landbúnaðarlands, eins og er heimilað í gildandi aðalskipulagi.

Með breytingunni er verið að koma til móts við óskir landeigenda um nýtingu svæðisins og fyrri samþykktir landbúnaðarráðuneytisins frá árinu 1990 um stofnun nýs býlis. Þjónustustigið mun vera það sama á landbúnaðarsvæðum og annars staðar í dreifbýli sveitarfélagsins.

### 2.1 Staðhættir

Lóðin Bjarkarhöfði er skráð 5,35 ha í fasteignaskrá HMS. Þar stendur 46 m<sup>2</sup> sumarhús og 10 m<sup>2</sup> geymsla.

Aðkoma að svæðinu er frá Böðmóðsstaðavegi, nr. 366.

Svæðið er gróið og samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er víðikjarrivist L10.10 mest áberandi. Vistgerðin hefur mjög hátt verndargildi en er algeng á láglendi og lágheiðum um allt land, þar sem sauðfjárheit er lítil eða engin. Engar þekktar náttúruminjar eru innan lóðarinnar og svæðið nýtur ekki sérstakrar verndar en allt Suðurlandsundirlendið er talið mikilvægt fuglasvæði, sbr. kortlagningu NÍ.



**MYND 1.** Skipulagssvæðið er innan rauða rammans. Mynd frá map.is.

## **3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR**

### **3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038**

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „*að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum*“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

### **3.2 Aðalskipulag Bláskógbabyggðar 2015 – 2027**

Aðalskipulag Bláskógbabyggðar 2015 – 2027 var staðfest í maí 2018. Í aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem hluti af frístundabyggð F42.

## **Frístundabyggð (F)**

Í kafla 2.3.2 í aðalskipulaginu er eftirfarandi markmið fyrir **frístundabyggð**:

- Horft er til þess að ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi frístundabyggð.
- Sameiginlegar veitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúrvár, sögu eða almenns útvistargildis. Þau verði heldur ekki á góðu ræktunarlandi eða á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna náttúrvár.
- Unnin verður viðbragðsáætlun vegna gróður- og kjarrelدا.
- Forðast skal að tré myndi skugga á lóðum nágranna eða byrgi fyrir útsýni þeirra.

## **Landbúnaðarsvæði (L)**

Í kafla 2.4.1 í aðalskipulaginu er eftirfarandi um markmið fyrir **landbúnaðarsvæði**:


- Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar.
- Landbúnaður, þ.m.t. ylrækt og garðrækt, verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaðar verði efldur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Forðast skal að setja gott landbúnaðarland undir samfellda skógrækt.
- Landnýting sé í sátt við náttúruna.
- Stuðlað skal að verndun umhverfis og lífríkis fallvatna til að efla fiskgengd og veiðimöguleika.

Um leiðir segir í aðalskipulagi:

- Heimiluð er uppbygging á landspildum að jafnaði 3 ha eða stærri (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðum landbúnaðarsvæðum eða verndarsvæðum.
- Heimilt er að stunda annan minni háttar atvinnurekstur þar sem er föst búseta.

Í kafla 2.4.8 segir um stakar framkvæmdir

- Stök íbúðarhús á landbúnaðarlandi. Á landspildum 3 ha eða stærri, sem ekki tengjast búrekstri, m.a. til að auka möguleika á áhugabúskap. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er.



**Mynd 2.** Hluti Aðalskipulags Bláskógarbyggðar 2015 – 2027 fyrir breytingu. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins.

### 3.3 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnvistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Laugardalur nr. 103-254-G skv. vatnavefsjá. Umhverfis-markmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand, en núverandi ástand er óþekkt.

Aðalskipulagsbreytingin mun miða að því að viðhalda umhverfisgæðum vatnshlotsins.

### 3.4 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Böðmóðsstæði I, samþykkt 8. febrúar 1989 m.s.br. Unnið verður að nýju deiliskipulagi/breytingu á deiliskipulagi samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Áhersla verður lögð á að mannvirkir falli sem best að landi og raski náttúrufari sem minnst. Vel skal staðið að fráveitumálum og huga að umhverfismarkmiðum vatnshlotu.

### 3.5 Fornminjar

Fornleifaskráningu hefur ekki verið lokið í Bláskógarbyggð, unnið er að aðalskráningu fornminja. Engar þekktar fornminjar hafa fundist innan lóðarinnar Bjarkarhöfða að svo stöddu.

Finnist áður ókunnar minjar ber að kynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Minnt er á að friðhelgað svæði umhverfis fornminja er 15 m skv. 22. gr. laga um menningarminja nr. 80/2012.

## 4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Frístundabyggðin F42 minnkar um lóð Bjarkarhöfða (5,35 ha), sem verður þess í stað landbúnaðarsvæði. Samhliða er gerð textabreyting í töflu um frístundasvæði F42. Frístundasvæði F42 minnkar en ennþá er gott framboð af óbyggðum lóðum og ættu lóðarhafar frístundasvæðisins ekki að finna fyrir áhrifum af breytingunni.

### 4.1 Breyting á uppdrætti

Fláki F42 minnkar um 5,35 ha og verður landbúnaðarsvæði.

### 4.2 Breyting á greinargerð

Textabreyting verður gerð í töflu F42.

**Tafla 1.** Skilmálar frístundabyggðar F42 fyrir breytingu:

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
F42	Böðmóðsstaðir	Deiliskipulag af hluta svæðisins fyrir 98 lóðir, þar af eru 50 lóðir byggðar. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 96 ha.	Böðmóðsstaðir

**Tafla 2.** Skilmálar frístundabyggðar F42 eftir breytingu:

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
F42	Böðmóðsstaðir	Deiliskipulag af hluta svæðisins fyrir 97 lóðir, þar af eru 50 lóðir byggðar. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 90,2 ha.	Böðmóðsstaðir

Landbúnaðarsvæði stækkar um 5,35 ha og verður 367.125,4 ha.

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðauka 1.01 og 5.4. gr. skipulagsreglugerð 90/2013. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

Áhrif breytingarinnar á umhverfispætti eru talin vera óveruleg og í samræmi við gildandi stefnu í aðalskipulagi og landsskipulagsstefnu um nýtingu landbúnaðarlands.

## 5.1 Valkostir

Stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) er borin saman við tillögu að aðalskipulagsbreytingu sem hér er til umfjöllunar.

## 5.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 3 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

**TAFLA 3.** Umhverfisþættir, viðmið og matssprungar.

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i> <i>Landnotkun.</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Byggð skal falla vel að landslagi og náttúru.</li> </ul> <p><i>Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Landnýting sé í sátt við náttúruna.</li> <li>Leitast skal við að staðsetja ný hús í námunda við þá byggð sem fyrir er til að nýta sem best tengingar við þjóðvegi og önnur dreifikerfi sem eru fyrir hendi</li> </ul> <p><i>5. gr. Jarðalaga nr. 81/2004.</i></p>	<p>Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á landslagsheildir?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á landnotkun?</p>
<b>Loftslagsmál</b> <i>Kolefnisbinding.</i> <i>Kolefnishlutleysi.</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.</li> </ul> <p><i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</i></p>	<p>Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?</p>
<b>Náttúrufar</b> <i>Gróður.</i> <i>Vistkerfi.</i> <i>Jarðvegur.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndu og varðveislu viðerna landslags, náttúru og líffræðilegar fjölbreytni.</li> </ul> <p><i>Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að varðveislu sérkenna, náttúru- og söguminja og annarra umhverfislegra gæða.</li> <li>Stuðlað verði að gróðurvernd, landgræðslu og að fjölbreyttri landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands.</li> </ul> <p><i>Vistgerðarkortlagning Ní.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.</li> </ul>	<p>Hefur stefnan áhrif á gróður, jarðveg og vistkerfi?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?</p>
<b>Heilnæmt umhverfi</b> <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Vatnsvernd.</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifibýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.</li> </ul> <p><i>Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 - 2027.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.</li> <li>Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.</li> </ul> <p><i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.</li> </ul> <p><i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i></p>	<p>Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?</p>

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<i>Reglugerð um fráveit og skólp nr. 798/1999. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i>	
<b>Samfélag Atvinnulíf. Íbúar. Hagræn áhrif.</b>	<i>Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 - 2027.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðlað verði að betri þjónustu við íbúa í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.</li> <li>Starfsemi núverandi þjónustustofnana verði efla.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifærí? Hefur stefnan áhrif á íbúa og íbúaþróun? Hefur stefnan áhrif á framboð frístundabyggðar?
<b>Náttúru- og menningarmínjar Fornminjar.</b>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarmínja.</li> </ul> <i>Aðalskráning fornminja. Lög um menningarmínjar nr. 80/2012.</i>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

### 5.3 Mat á umhverfisáhrifum

#### BREYTT SKIPULAG:

**Áhrif á land og landslag eru óveruleg.** Svæðið er þegar byggt upp að hluta sem frístundabyggð. Fyrirhuguð uppbygging samkvæmt skilmálum landbúnaðarlands hefur óveruleg áhrif á land og landslag þar sem svæðið kemur til með að nýtast fyrir landbúnaðarstarfsemi og uppbygging mannvirkja tekur mið af því dreifbýlisfirbragði sem þegar er í sveitarféluginu.

**Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg/neikvæð.** Lóðin byggist upp til fastrar búsetu og minniháttar landbúnaðarnota. Svæðið kemur til með að raskast að hluta á meðan uppbygging á íbúðarhúsum og mannvirkjum stendur yfir. Fyrirhugað er að nýta landið til landbúnaðar. Við staðsetningu mannvirkja skal tillit tekið til útbreiðslu vistkerfa með hátt verndargildi.

**Áhrif á heilbrigði eru óveruleg.** Ástand grunnvatnshlotsins er óþekkt, uppbygging á svæðinu til fastrar búsetu og mögulegar atvinnustarfsemi getur haft áhrif á ástand þess. Nánar skal gera grein fyrir vatnstöku og fráveitumálum í deiliskipulagi. Ekki er hætta á mengun ef gengið er frá fráveitukerfum á fullnægjandi hátt.

**Áhrif á samfélag eru jákvæð/óviss.** Breytingin stuðlar að fjölgun íbúa með fasta búsetu sem um leið eykur tekjur sveitarfélagsins. Íbúar fá meiri þjónustu, t.a.m. skólaakstur, sorphirðu o.fl. Óviss áhrif á frístundasvæðið og fer það eftir því hvers konar starfsemi verður á landinu.

**Áhrif á náttúru- og menningarmínjar eru óveruleg.** Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

#### GILDANDI SKIPULAG:

**Áhrif á land, landslag, gróður og dýr eru óveruleg.** Svæðið er frístundabyggð með þeim heimildum fyrir uppbyggingu sem gildir á slíkum svæðum.

**Áhrif á heilbrigði er óveruleg.** Gert er ráð fyrir að gengið hafi verið frá núverandi fráveitum á svæðinu á fullnægjandi hátt.

**Áhrif á samfélag er óveruleg.** Svæðið er nú þegar frístundabyggð og fær sveitarfélagið tekjur af svæðinu í formi fasteignagjálda.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg.** Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

#### 5.4 Niðurstaða

Sveitarfélagið heimilar breytinguna þar sem gert er ráð fyrir fastri búsetu, sem styrkir svæðið m.a. með fjölgun íbúa og verið er að fella út frístundasvæði. Sveitarfélagið vill heimila breytinguna í samræmi við 5. gr. jarðalaga, þar sem með breytingu landnotkunar er verið að heimila húsdýrahald þannig að a.m.k. hluti svæðanna verði nýtt til landbúnaðar en ekki einungis undir frístundabyggð.

## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Aðalskipulagsbreytingin er auglýst samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.

#### 6.1 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar


Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtoldum aðilum:

- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

#### 6.2 Skipulagsferlið

Skipulagslýsing og deiliskipulagstillaga verða auglýstar og kynntar skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:




#### 6.3 Breytingar eftir kynningu

Gerð er grein fyrir því að árið 1990 samþykkti landbúnaðarráðuneytið að stofnað yrði nýtt býli á þessu landi, úr landi Böðmóðsstaða. Því er um leiðréttingu á landnotkun að ræða. Leiðréttir eru skilmálar gildandi skipulags fyrir landbúnaðarsvæði.


# Aðalskipulag Bláskógbabyggðar 2015-2027

## Breyting aðalskipulags - Böðmóðsstaðir og Bjarkarhöfði



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmæðferð skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslagi nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógbabyggðar 07.05.2025



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun \_\_\_\_\_

Skipulagsgögn:  
Updráttur þessi með greinargerð.



- Skýringar
- Fristundabyggð
  - Landbúnaðarsvæði
  - Skógræktar- og landgræðslusvæði
  - Verslun- og þjónusta
  - Öbyggð svæði
  - Efnistöku- og efnislosunarsvæði
  - Fristundabyggð
  - Verslun- og þjónusta
  - Náttúruminjaskrá <all other values>
  - Svæði sem breytingin nær til
  - Stofnvegur
  - Tengivegur
  - Aðrir vegir
  - (F) - Veitur, fráveita
  - (H) - Veitur, hitaveita
  - (V) - Veitur, neysluvatn
  - (R) - Veitur, rafstrengur í jörð
  - Landamerki frá HMS



Aðalskipulag Bláskógbabyggðar 2015 - 2027  
Breyting aðalskipulags - Böðmóðsstaðir og Bjarkarhöfði

Verk: 109150 Blaðstærð: A4 Unnið: GAL/BRE/IS Rýnt: IS/AJ/GAL

Mælikvarði: 1:50.000 Dags: 15.11.2024 Breytt dags: